

**51. fundur skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
þriðjudaginn 23. mars 2010 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Ragnar Anthony Gambrell (RAG),

Fundargerð ritaði: Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir , formaður

Fundargerð rituð af GSB á fundinum, en færð í tölvu af oddvita (EIS) 12.apríl 2010.

Dagskrá:

1. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Skólastjóri (TPS) fór yfir starfið í grunn- og leikskóla og gengur það vel. Hulda K. Danielsdóttir heimsótti skólann og hélt fyrirlestur um gagnkvæma aðlögun nýbúa að skólastarfinu. Gísli Sólberg Sigurðsson kom í heimsókn í skólann og fræddi börnin um fyrri tíð í Tálknafirði og mæltist það vel fyrir. Árshátíðarvinna er í fullum gangi. Lestrarkapp er í fullum gangi. Vísað í fréttabréf grunnskólans.

2. 1001015 - Önnur mál

Skólastjóri (TPS) upplýsti að starfsviðtölum væri að mestu lokið. Auglýsingar vegna réttindakennara var rædd. Lýst var yfir ánægju með að allar nefndir og ráð séu komnar í fastar skorður í skólanum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____